



Reglugerð HSÍ um fræðslumál

1. gr. Almenn

Fræðslu- og útbreiðslunefnd HSÍ skal standa fyrir námskeiðum fyrir handknattleikspjálfa.

HSÍ starfar í samræmi við Rinck-menntunarkerfi Evrópska handboltasambandsins (EHF) sem felur í sér fjögur stig menntunar á vegum HSÍ og er fjórða stigið Mastercoach sem unnið er í samstarfi við EHF.

2. gr. Menntunarstig

Menntunarkerfi HSÍ skipist í eftirfarandi stig:

1. stig – Þjálfun barna, réttindi til að þjálfa börn að 12 ára aldri.
2. stig – Þjálfun unglinga, réttindi til að þjálfa alla flokka nema meistaraflokk.
3. stig – Meistaraflokkspjálfun, réttindi til að þjálfa meistaraflokk/afreksþjálfun.
4. stig – Mastercoach

Þjálfari telst hafa lokið stigi þegar hann hefur setið alla hluta stigsins og unnið þau verkefni sem þar eru lögð fyrir.

3. gr. Mat réttinda

Fræðslu- og útbreiðslunefnd HSÍ metur hvaða réttindi nám/námskeið á Íslandi og erlendis veita og hvaða réttindi útlendingar hafa til þjálfunar á Íslandi.

4. gr. Kröfur á menntun landsliðspjálfa og þjálfara í meistaraflokki

Þjálfarar í meistaraflokki skulu hafa viðurkennda þjálfaramenntun skv. RINCK menntakerfi EHF og hafa lokið að minnsta kosti 3. stigi.

A landsliðspjálfarar skulu hafa lokið 4. stigi í þjálfaranámi og yngri landsliðs þjálfarar 3. stigi.

Uppfylli þjálfari ekki ofangreind skilyrði frá og með leiktímabilinu 2021-2022 er framkvæmdastjóra HSÍ heimilt að vísa broti félags/þjálfara til aganefndar skv. reglugerð HSÍ um agamál.



5. Undanþágur

Fræðslu- og útbreiðslunefnd HSÍ er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum í reglugerð þessari ef veigamiklar og sérstakar ástæður liggja að baki. Slíkar undanþágur skal þó alltaf bera undir stjórn HSÍ til samþykktar.

5. gr. Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga HSÍ og öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð HSÍ varðandi auglýsingar á búningum.

Samþykkt af stjórn HSÍ 2.september 2020.